

**60** rjett innborinna manna við fæðinguna, en eru þó fæddir hjer í ríki, öðlast þann  
 13. maí. rjett, ef þeir hafa haft stöðugt heimili hjer frá fæðingu sinni til fullra 19 ára, nema því að eins að þeir hafi síðasta árið lýst því skriflega yfir fyrir yfrumboðsstjórninni, að þeir vilji eigi öðlast danskan rjett innborinna manna, og hafi því næst sannað það með löggildu vottorði, að þeir hafi ríkisborgararjett í öðru landi. Þess konar yfirlýsing dugir þó ekki þeim, er borinn er af útlending, er sjálfur hefir á þenna hátt haldið ríkisborgararjetti sínum erlendis.

Auk þess er beiðzt, að áðurnefndum embættismönnum verði gefið til vitundar, að, ef efasemdir kynnu að verða á um það, hvort nægileg sönnunarskilríki væru fram komin um ríkisborgararjett hlutadeiganda manns í öðru landi, þá ber að leita um það úrskurðar ráðgjafans fyrir Ísland, og að gefa eigi hlutadeiganda viðurkenning um yfirlýsing hans.

**61** Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti a kirkjujörð  
 28. maí. (Stafholtskirkju) Eptir að ráðaneytið hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dagsett 28. febrúar þ. á., hefir hans hátign konunginum, eptir allraþegnsamlegustum tillögum mínum, 24 þ. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst leyfi sitt til þess, að makaskipti sjeu höfð á hálfendunni Köldukinn í Haukadalshreppi í Dalasýslu, sem heyrir unðir Stafholtsprestakall í Mýraprófastsdæmi, og bændajörðinni Grafarkoti í Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu, með því skilyrði, að hin fyrnefnda hálfenda verði eptirleiðis skoðuð sem bændaeygn, að því er alla skatta og skyldur snertir, en hin síðarnefnda jörð teljist í flokki annara kirkjujarða.

**62** Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um styrk til gufu-  
 11. maí. bátsferða um Ísafjarðardjúp. Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 24. f. m., hafði þjer, herra sýslumaður, skýrt frá því, að sýslunefnd Nordurísafjarðarsýslu og bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hafi samið við útgerðarmann gufubátsins »Ásgeirs litla« um að bátur þessi fari 33 ferðir um Ísafjarðardjúp á þessu sumri, og að í þessu skyni hafi verið veitt af bæjarsjóði og sýslusjóði samtals 700 krónur. Jafnframt þessu hafði þjer í umboði nefndrar sýslunefndar og bæjarstjórnar beiðzt þess, að til ferða þessara yrðu veittar úr landssjóði þær 2500 kr., sem í núgildandi fjárlögum 12. gr. C III. 2. c, eru ætlaðar til slíkra ferða 1898.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlegast til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg hjermeð veiti 2500 kr. til umgetinna gufubátsferða um Ísafjarðardjúp 1898 af fje því, sem til slíkra ferða er ætlað í nefndri grein fjárlaganna, og mun styrkur þessi verða útborgaður úr landssjóði að afloknum hinum umsömdu ferðum.

**63** Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um lotteri. Samkvæmt  
 25. maí. beiðni frúnna Elínar Eggertsdóttir og Fr. Briem, og fróken H. Gísladóttur, og samkvæmt tillögum yðar, herra bæjarfógeti, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 10.

þ. m., vil jeg hjer með leyfa, að haldið verði til ágóða fyrir húss- og bústjórnar- **63**  
skólann í Reykjavík lotterí um 6 vetra gamlan reidhest, er skólanum hefir verið **25. maí**  
gefinn, með þeim skilyrðum, að eigi sjeu gefnir út fleiri sedlar til nefuds lotteris  
en 2000, og hver sedill seldur á 50 aura, og að því áskildu, að nákvæmlega sje  
hlýtt reglum þeim og ráðstöfunum, er þjer sem lögreglustjóri gjörði til þess að  
allt fari vel og rjettilega fram.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegr-  
ar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðendum.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um lán** **64**  
**handa Strandasýslu til vegagjörða.** Eptir beiðni sýslunefndarinnar í Strandasýslu **25. maí**  
og samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 14.  
þ. m., vil jeg hjer með veita sýslusjóði Strandasýslu 3200 króna lán úr viðlaga-  
sjóði landssjóðs til vegagjörða á sýsluveginum yfir Bitruháls og Stikuháls í nefndri  
sýslu, gegn því að lán þetta ávaxtist með 4% árlega og endurborgist með jöfn-  
um afborgunum á 15 árum frá lántökudegi að telja.

Þetta er yður hjer með þjónustasamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar  
leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um** **65**  
**lán handa Snæfellsness- og Hnappadalssýslu til vegagjörða.** — Eptir móttöku þóku- **3. júní**  
anlegs brjefs yðar, herra amtmaður, dagsetts 1. þ. m., hefi jeg veitt sýslusjóði  
Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 1000 króna lán úr landssjóði til vegabóta á  
sýsluvegum í nefndri sýslu með þeim skilyrðum, að lán þetta ávaxtist með 4%  
árlega og endurborgist á 10 árum frá lántökudegi að telja með jöfnum af-  
borgunum.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknan-  
legrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um** **66**  
**lán handa Kjósar- og Gullbringusýslu til vegagjörða.** — Samkvæmt beiðni sýslu- **15. júní**  
nefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu í brjefi, dagsettu 11. þ. m., er borizt  
hefir hingað beina leið, og að fengnu samþykki yðar, herra amtmaður, fyrir hönd  
amtsráðs Sudutamtsins í brjefi yðar til sýslumannsins í nefndri sýslu, dagsettu í  
dag, hefi jeg veitt sýsluvegasjóði optnefndrar sýslu 3000 króna lán úr landssjóði  
í viðbót við áður fengið lán til vegagjörðar milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur  
með þeim skilyrðum, að lán þetta ávaxtist með 4% árlega og endurborgist með  
jöfnum afborgunum á 15 árum frá lántökudegi að telja.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknan-  
legrar leiðbeiningar og frekari birtingar.